

**LÖG****um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

10. mgr. 16. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980) orðist svo:

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða tvíburafæðingu og einn mánuð fyrir hvert barn að auki ef fæðast fleiri í einu. Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1983.

*Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*